

**25. stjórnarfundur haldinn á Geirlandi 11. febrúar 2010 kl. 10:30-17:30.**

**Mætt:** Anna Kristín Ólafsdóttir, Böðvar Pétursson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Ólöf Ýrr Atladóttir, Magnús Tumi Guðmundsson og Þórður H. Ólafsson.

**Í síma:** Björn Ármann Ólafsson, Eiríkur Björn Björgvinsson tók við af Birni Ármanni (kl. 13). Þórunn Pétursdóttir (frá 12)

Árni Geirsson (Alta) kom á fundinn kl. 13:40 svo Björg Ágústsdóttir (Alta), Halldóra Hreggviðsdóttir (Alta) kl. 14:30.

1. *Samþykkt dagskrár*

- Dagskrá samþykkt.

2. *Samþykki fundargerðar 24. Stjórnarfundar 19. jan. 2010*

Fundargerð var samþykkt með smávægilegum breytingum.

3. *Rekstrarmál 2009*

- *Áætlað rekstraruppgjör 2009 - kynning*

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður uppgjors en reksturinn á árinu var í jafnvægi en sértekjur voru nokkru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

4. *Rekstrarmál 2010*

- *Rekstraráætlun 2010 - samþykki*

Framkvæmdastjóri lagði fram áætlun fyrir árið. Rekstrargjöld eru áætluð 270 milljónir, sértekjur um 100 milljónir og framlag úr Ríkissjóði um 170 milljónir. Reiknað er með að alls um 55 manns vinni við landvörslu og önnur störf fyrir garðinn næsta sumar.

- Rekstraráætlunin 2010 samþykkt.

5. *Framkvæmdamál 2010*

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsramma framkvæmda:

- *Gestastofa á Skriðuklaustri:*

Áætlað er að ljúka verkinu á árinu. Óskað eftir nánari sundurliðun á kostnaði við lóð, bílastæði og palla, en áætlunin um lok verkefnisins samþykkt að öðru leyti.

- *Framkvæmdaáætlun 2010*

Fram komu áhyggjur af aðkomu við Dettifoss að vestan í ljósi þess að frekari vegaframkvæmdum þar er frestað.

- Rætt var um næstu skref í uppbyggingu í þjóðgarðinum og niðurstaða stjórnar er að næstu 2-3 ár verði áætlunum um uppbyggingu nýrra gestastofa frestað. Áhersla verði lögð á smærri framkvæmdaverkefni á öllum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og að því unnið að koma upp aðstöðu fyrir starfsmenn og gesti í samvinnu við sveitarfélög og aðra samstarfsaðila.

## 6. *Fjárlagagerð 2011*

- Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um fjárlagatillögur. Meðal atriða sem lögð verður áhersla á eru lenging á opnunartíma, aukin landvarsla vegna stækkunar þjóðgarðsins, aukins fjölda ferðamanna og eflingar samstarfs við heimamenn. Reynslan sýnir að lenging opnunartíma eflir ferðamennsku og hefur margföldunaráhrif.
- Fyrstu drög fyrir 2011 voru rædd. Áherslan verður á fjölbreytt verkefni á öllum rekstrarsvæðum garðsins.

## 7. *Deiliskipulag í Skaftafelli*

- Drög að deiliskipulagi voru lögð fram og kynnt.

## 8. *Lagabreytingar*

Rætt var hvort tímabært sé að skoða möguleika á breytingum á lögum garðsins svo þau samræmist betur því hvernig starfsemin hefur þróast.

- o Samþykkt að stjórnarformaður skoði málið nánar.

## 9. *Önnur mál*

- *Þjóðgarðsvörður á Vestursvæði*  
Elín greindi frá meðferð svæðisráðs en frestur til að skila umsóknum rann út 26. janúar. Umsóknir voru 27. Á grundvelli hæfniskilyrða sem tilgreind voru í umsókn valdi svæðisráðið sex umsækjendur til viðtals og frekara mats.
  - o Ákveðið var að framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og formaður svæðisráðs taki viðtöl við þess sex aðila og geri tillögu til stjórnar.
- *Hitaveita Kynnt ítarlegri kostnaðaráætlun og framkvæmdastjóra falið að vinna áfam að málinu í samvinnu við sveitarfélagið Hornafjörð.*
- *Heimasíða*  
Unnið hefur verið áfram að enduruppsetningu síðunnar.
- *Talningar í þjóðgarðinum*-Rætt um vöktunarverkefni á vegum HÍ þar sem gestir og ökutæki verða taldin.
- *Beiðni frá FFA um leyfi fyrir geymslugámi í Drekaþili*  
Samþykkt að veita leyfi fyrir árið 2010.
- *Bók um Vatnajökulþjóðgarð-staða*  
Formaður kynnti stöðu málsins, en Vinir Vatnajökuls hafa tekið að sér fjármögnun verkefnisins.
- *Veghaldarar vega og slóða innan þjóðgarðsins (svæðisráð Austursvæðis) – umræða*
  - o Ákveðið að framkvæmdastjóri ræði við Vegagerðina um veghald í þjóðgarðinum.
- *Önnur erindi:*
  - Erindi varðandi Geo-park hefur borist, en umræða verður sett á dagskrá næsta stjórnarfundar.

#### 10. Stjórnunar- og verndaráætlun

Árni og Björg frá Alta kynntu stöðu vinnunnar. Farið var yfir forsendur, sérstöðu, hlutverk, markmið, eftirfylgni, tímaramma og verkferli. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með starfið en fram kom að nauðsynlegt er að setja meginatriði fram í stuttu hnitmiðuðu skjali og ítarlegar áætlanir einstakra svæða fylgdu sem viðaukar. Halldóra ræddi tímaramma vinnunnar en ljúka þarf verkinu á næstu 6-8 vikum. Farið var yfir kynningar- og samráðsferlið en stefnt er að því að ráðherra skrifi undir samræmda stefnu, stjórnunar- og verndaráætlun. Nokkur umræða varð um kynningu til almennings, en talið er að stefnan og verndaráætlun þurfi almenna kynningu en ekki aðgerðaáætlun.

- Samþykkt var að ljúka verkinu samkvæmt áætlun Alta.

Halldóra hjá Alta mun stýra verkinu í náinni samvinnu við Sigprúði Stellu.

Björg og Halldóra „viku“ af fundi kl. 15:10. Böðvar og Ólöf Ýrr viku af fundi kl. 15:20.

Fundi slitið kl.  
MTG ritaði fundargerð